

**Sp.**

**98. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar fjárlög eru afgreidd að þessu sinni, blasa óheillavænlegar afleiðingar af stefnu ríkisstjórnarflokkanna greinilegar við en nokkru sinni fyrr.

Í nærri 7 ár hefur ríkisstjórninni gefizt kostur á, í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað, að reyna í verki þær kenningar Sjálfstæðisflokksins, að athafnir og umsvif einstaklinga, „hins frjálsa framtaks“, í því skyni að afla sjálfum sér gróða, séu eðlilegasta hreyfiaflið í þjóðfélaginu og að algert frelsi til innflutnings og álagningar á vöruverð leiði til farsælustu þróunar í verðlagsmálum.

Það hefur að sjálfsögðu komið æ betur í ljós, eftir því sem lengra hefur liðið á stjórnartímabil viðreisnarstjórnarinnar, að það sjónarmið að gefa einkaaðilum algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þeirra verðmæta, sem vinnan skapar, frjálsar hendur til skipulagslausrar fjárfestingar, hömlulauss innflutnings án tillits til þarfa þjóðarinnar og til frjálsrar álagningar er í eðli sínu andstætt allri viðleitni til að hamla gegn verðbólgu.

Með ofurkappi sínu að tryggja atvinnurekendum, innflytjendum og öðrum þeim, sem fjármagninu ráða, sem mest frelsi til athafna og umsvifa án tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar, hefur ríkisstjórnin beinlínis ræktað verðbólguna, en síaukinni fjárþörf ríkissjóðs vegna aukningar dýrtíðarinnar hefur hún jafnan mætt með frekari skattheimtu og niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmda.

Sú stefna að stuðla sem mest að því, að þau efnahagslögmál verki sem óheftust, að fjármagnið sækir í þær atvinnugreinar og þann rekstur, sem mestan gróða gefur hverju sinni, hefur valdið því, að þær atvinnugreinar, sem ekki hafa haft aðstöðu til að ausa upp af mestu gróðalindunum, svo sem síldveiðum, innflutningsverzlun og byggingu íbúða til sölu, en búa við síaukna verðbólgu, hafa dregizt aftur úr og eru ekki samkeppnisfærar. Er nú svo komið, að verðbólguþefna stjórnarflokkanna

er að koma veigamiklum þáttum framleiðsluatvinnuveganna í þrot. Togaraútgerð er að leggjast niður, enginn grundvöllur er til að gera út aðra vélbáta en þá, sem geta stundað síldveiðar, frystihúsin, sem byggt hafa rekstur sinn á þessum greinum útgerðar, leggja upp laupana eitt af öðru, og allmörg iðnfyrirtæki hafa hætt rekstri.

Alþýðubandalagið hefur frá upphafi viðreisnarstefnunnar varað við þeim afleiðingum hennar, sem nú eru að koma í ljós, og lagt á það áherzlu við afgreiðslu hverra fjárlaga, að breytt yrði um stefnu, áður en hún komi framleiðsluatvinnuvegunum í þrot.

Sérstök áherzla var t. d. á þetta lögð við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1965, þegar verkalyðssamtökin höfðu sumarið 1964 gert úrslitatilraun til þess að fá ríkisstjórnarflokkana til þess að hverfa frá verðpenslustefnunni og gera raunhæfar aðgerðir til stöðvunar verðbólgunnar. Við afgreiðslu þeirra fjárlaga lagði Alþýðubandalagið sérstaka áherzlu á, að leitað yrði til allra þingflokka um samstöðu um niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og frekari aðgerðir til að vinna gegn verðbólgunni. Í stað þess að koma til móts við aðgerðir verkalyðshreyfingarinnar til þess að draga úr verðbólguþróuninni, stórhækkuðu stjórnarflokkarnir söluskatt við afgreiðslu fjárlaga haustið 1964 og hrundu af stað nýrri verðbóluskriðu. Enn var allt látið reka á reiðanum í trausti þess, að sífelld aukin afköst sjómanna við síldveiðar og hækkað afurðaverð gæti vegið upp áhrif verðhækkanna innanlands og haldið útflutningsatvinnuvegunum gangandi.

Viðhorfin í þessu efni eru nú breytt. Í fyrsta sinn um langt skeið hafa sjávarafurðir ekki hækkað í verði og sumar nokkuð lækkað frá því hæsta verði, sem þær hafa náð, og þar með er viðreisnarstefnan að breyta og stöðvun veigamikilla þátta útflutningsframleiðslunnar blasir við.

Nú er stefna ríkisstjórnarinnar komin í sjálfheldu, og þá snýr hún blaðinu skyndilega við. Eftir þrotlausu ræktun verðbólgunnar með tveimur gengislækkunum, vaxtahækkunum og söluskattshækkunum og hvers kyns öðrum álögum tekur ríkisstjórnin til að greiða niður verð á vörum, sem hún hætti að greiða niður s. l. vor, þegar hún lýsti því yfir, að það væri stefna hennar að hætta niðurgreiðslum. Er nú heitið algerrí verðstöðvun með því að greiða niður frá 1. ágúst s. l., verðhækkunir, sem hafa áhrif á vísitöluna, en verðlag að öðru leyti fest með þeirri óhóflegu álagningu, sem verzlunarstéttin hefur helgað sér í hinu síaukna álagningar-frelsi undanfarin ár.

Allt er þetta að sjálfsögðu gert til þess að reyna að leyna þjóðina því, fram yfir næstu alþingiskosningar, í hverjar ógöngur viðreisnarstefnan hefur komið framleiðsluatvinnuvegunum í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað. Það hvarflar að sjálfsögðu ekki að stjórnarflokkunum, að það sé nokkur frambúðarlausn á vandanum að festa það ástand, sem nú ríkir, með verð- og kaupstöðvun, en tilraun er gerð til þess að leika sama blekkingarleikinn og minnihlutastjórn Alþýðuflokksins var látin leika fram yfir síðari þingkosningar 1959. Strax og þær kosningar höfðu farið fram, köstuðu núv. stjórnarflokkar frá sér stöðvunarstefnunni, felldu gengið og skertu lífskjörin á margvíslegan hátt og hófu þá verðbólguþefnu, sem nú er að koma atvinnuvegunum í þrot mitt í góðærunum.

Svo staðráðnir virðast stjórnarflokkarnir vera í því að halda verðbólguþefnunni áfram, ef þeir fá ráðið málum eftir kosningarnar næsta sumar, að í engu er reynt að samræma fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár þeirri verðstöðvun, sem ríkisstjórnin þykist nú keppa að, að öðru leyti en því, að ríflegu fé verður varið til niðurgreiðslna. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1967 ber öll merki fyrri verðbólgu-fjárlaga viðreisnarstjórnarinnar. Hækkunin frá fyrra ári er meiri en nokkru sinni fyrr, eða nál. 900 millj. kr., sem svarar til 4500 kr. hækkunar á hvert mannsbarn í landinu. Af þessari gífurlegu hækkun fara aðeins um 50 millj. kr. til verklegra fram-

kvæmda, en meginhluti þeirrar upphæðar fer þó til greiðslu skulda, sem þegar hefur verið stofnað til, en ekki til nýrra framkvæmda á næsta ári.

Þegar tekið er tillit til rýrnandi gildis krónunnar, verður því enn áframhald á þeirri þróun, að samhliða stórauknum þjóðartekjum eru þær framkvæmdir, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, markvisst dregnar saman með ári hverju.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að verja 4.8 millj. kr. til nýrra barna-skólabygginga á öllu landinu eða nákvæmlega sömu upphæð og hækkun er frá fyrra ári á rekstrarkostnaði 3 embættanna í Reykjavík, en til marks um fjárþörfina er það, að umsóknir liggja fyrir um framlög í 26 ný skólamannvirki. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að verja 6.8 millj. kr. til byggingar nýrra gagnfræðaskóla, en sú upphæð nær því ekki að nema  $\frac{2}{3}$  hlutum af þeirri hækkun, sem áætluð er á einu ári á embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur.

Framlag ríkissjóðs til allra nýrra hafnarframkvæmda annarra en landshafna, er áætlað 6 350 600 kr. á næsta ári, á sama tíma og kostnaður við ríkisskattaneftnd og skattstofur hækkar á einu ári um 8 millj. kr. og kemst upp í 35.5 millj. kr.

Þannig hverfa heildarupphæðir til nýrra framkvæmda á nauðsynlegustu sviðum algerlega í skuggann af árlegum hækkunum á rekstrarkostnaði á einstökum liðum í fjárlagafrumvarpinu.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga felldu stjórnarflokkarnir niður framlag ríkissjóðs til vegamála, en það framlag hafði árið áður numið 47.1 millj. kr. Var með þeim hætti að engu gert það samkomulag, sem varð milli þingflokka um, að ríkissjóður kippti ekki að sér hendinni um framlag til vegamála, samtímis því sem 100 millj. kr. nýir skattar voru lagðir á bifreiðaeigendur.

Þrátt fyrir að ríkistekjurnar séu samkv. áætlun 11. okt. s. l. taldar munu hækka um 910 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum, ætla stjórnarflokkarnir enn ekki að standa við það samkomulag, að ríkisframlag til vegamála skyldi haldast, og til vegasjóðs er engin fjárveiting fyrirhuguð á næsta ári, þótt ríkissjóður hirði á sama tíma 173.3 millj. kr. af bifreiðaeigendum í leyfisgjaldinu einu.

Verðbólguþrefna ríkisstjórnarinnar bitnar því ekki einungis á þeim atvinnurekstri, sem nú er að gefast upp, og því fólki, sem við þær atvinnugreinar hefur unnið, heldur veldur hún því á sama tíma, að sífellt minni hluta af þeim fjárhæðum, sem ríkið innheimtir, er varið til nauðsynlegustu verklegra framkvæmda í þágu allra landsmanna, en að sama skapi þenjast rekstrarliðirnir út. Kostnaður við ríkisskattaneftnd og skattstofur hefur t. d. hækkað um 340% á 4 árum eða um 26.5 millj. kr. Kostnaður við borgardómaraembættið er áætlaður 41.5% hærri á næsta ári en á núgildandi fjárlögum, kostnaður við borgarfégetaembættið 37.6% hærri, kostnaður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli ríflega 40% hærri, kostnaður við almannavarnir 46.6% hærri og kostnaður við tollstjóraembættið 36.1% hærri.

Með tillögum þeim, sem 2. minni hl. fjárveitinganefndar flytur til breytinga á fjárlagafrv., er aðeins gerð tilraun til nauðsynlegustu lagfæringa. En gegn óheillavænlegri stefnu viðreisnarstjórnarinnar verður að sjálfsgöðu ekki hamlað með breytingartillögum við fjárlagafrumv. Til þess þurfa að koma afskipti kjósenda í alþingiskosningum, og víst er, að almenningur í landinu gerir sér nú betur ljóst en nokkru sinni fyrr, hve dýrt það er þjóðinni að búa við ráðsmennsku stjórnarflokka, sem hafa fengið að stjórna málum þjóðarinnar í mestu góðærum í sögu hennar, en hafa kaffært svo atvinnuvegina með óstjórn sinni og ráðleysi, að góðærið dugir ekki til mótvægis.

Varðandi breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni fjárveitinganefndar, skal það tekið fram, að 2. minni hl. styður þær ekki allar og hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.

Um þær breytingartillögur, sem fylgja nefndaráliti þessu, skal eftirfarandi tekið fram:

#### Breytingartillögur við 10. gr.

Enn sem fyrr er lagt til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt og um 2.4 millj. kr. sparaðar á næsta ári, en sá sparnaður yrði enn meiri, þegar skipulagsbreytingin væri að fullu komin í kring. Sýnist fráleitt að ausa fjármunum í 3 sendiráð á Norðurlöndum, þegar ekki er talin ástæða til að hafa sendiherra í heilli heimsálfu, sem Íslendingar skipta mikið við.

Þá er lagt til, að lækkuð verði fjárveiting til sendiráðs í París og skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD, en sú útgerð öll kostar rúml. 6 millj. kr. á ári eða næstum jafnmikið og 3 sendiráð. Færi bezt á því nú, þegar Frakkar eru að vísa fulltrúum NATO á dyr, að Íslendingar létu verða af því að fella sína þátttöku þar niður.

Á fjárlagafrumv. er ferðakostnaður utanríkisráðuneytisins, kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum sama ráðuneytis á 3 liðnum með 4.4 millj. kr. fjárveitingu samtals. Lagt er til, að þessir liðir verði sameinaðir í einn lið með 2.4 millj. kr. fjárveitingu. Gæti stjórnin, þótt í litlu væri, sýnt hug sinn til sparnaðar og stöðvunar útpenslu með því að skera þennan kostnað niður.

Ekki verður séð, að það þjóni neinum skynsamlegum tilgangi að eyða fjórðungi milljónar króna á ári til þess að senda fulltrúa frá Alþingi á samkomur þingmannasambands NATO og því einsætt að firra skattgreiðendur þeim kostnaði. Er því lagt til, að þessi liður verði felldur niður.

#### Breytingartillögur við 11. gr.

Lagt er til, að spöruð verði útgjöld við gæzlu herliðsins á Keflavíkurflugvelli og fjárveiting til lögregluliðs þar lækkuð um tæpl. 6.5 millj. kr., en á fjárlagafrv. eru ætlaðar nál. 8.5 millj. kr. til þessarar gæzlu eða ríflega 11 sinnum meira en ríkið leggur til barnagæzlu í öllu landinu, þ. e. til sumardvalarheimila, vistheimila og dagheimila. Eitt sinn hétu stjórnarflokkarnir að spara á þessum lið, og virðist tími til, að efndirnar fari að sjá dagsins ljós.

Lagt er til, að framlag til almannaþinga verði lækkað í 500 þús. kr., í stað þess að hækka það í 4 millj. kr., eins og lagt er til í fjárlagafrv., og er þá haft í huga, að fjárveitingin miðist við hugsanlegar hættur af völdum náttúruhamfara.

#### Breytingartillögur við 12. gr.

Á ári hverju þurfa fjölmargir sjúklingar að leita læknishjálpar erlendis, iðulega þangað, sem hún er óheyrilega dýr. Þegar svo stendur á, ber þjóðfélaginu að koma til aðstoðar, en mjög hefur skort á, að gert væri ráð fyrir því á fjárl. Er því lagt til, að styrkur til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, verði tvöfaldaður.

#### Breytingartillögur við 13. gr.

Lagt er til, að staðið verði við það samkomulag þingflokka, sem gert var við setningu vegalaga, að áfram verði veitt fé á fjárlögum til vegasjóðs, svo sem 89. gr. vegalaga gerir ráð fyrir.

#### Breytingartillögur við 14. gr.

Að lokinni síðustu úthlutun úr íþróttasjóði nam ógreidd þátttaka hans í heildarkostnaði íþróttamannvirkja 32.8 millj. kr., og hefur upphæðin farið vaxandi með ári hverju. Lagt er til, að framlag ríkissjóðs til íþróttasjóðs verði hækkað úr 5.4 millj. kr. í 7 millj. kr.

Bandalag ísl. leikfélaga gegnir mikilvægu hlutverki fyrir leikfélög, sem starfa úti á landsbyggðinni. Auknar fjárveitingar til leikfélaganna kalla á meiri þjónustu frá bandalaginu, en það hefur átt við fjárhagsvandræði að stríða og sækir um aukna

fjárveitingu. Lagt er til, að framlag til bandalagsins hækki úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr.

Breytingartillögur við 16. gr.

Samkv. fjárlagafrv. er ætlunin að draga úr rannsóknarkostnaði jarðhitadeildar, en mjög skortir á, að fullnægjandi rannsóknir fari fram á jarðhita. Er lagt til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 2.1 millj. kr., eins og forráðamenn jarðhitadeildar sóttu um, og þeirri upphæð varið til jarðhitarannsóknna.

Bæjar- og sveitarfélög, verkalýðsfélög og önnur samtök sýna vaxandi viðleitni til þess að koma á móts við þörfina á dagheimilum og sumardvalarheimilum fyrir börn, en ríkissjóður eykur ekki framlög sín að sama skapi, og það framlag, sem í fjárlagafrv. er ætlað í þessu skyni, er furðulega lágt. Tillaga er gerð um, að nokkuð verði úr þessu bætt með hækkun framlags úr 750 þús. kr. í 2 millj. kr.

Menningar- og friðarsamtök kvenna hafa unnið merk störf á undanförunum árum og hyggjast nú koma á fót listiðnaðarskóla. Lagt er til, að samtökin verði styrkt með 50 þús. kr. framlagi.

Breytingartillögur við 22. gr.

Framlög til nýrra hafnarframkvæmda eru smátt skömmtuð og hámarksframlag til einstakra hafna aðeins 700 þús. kr., enda þótt um sé að ræða byggingu dráttarbrautar auk stórframkvæmda í hafnargerð á viðkomandi stöðum. Til þess að þeim, sem í slíkum stórframkvæmdum standa til þess að leysa úr brýnum þörfum bátaflotans, sé veitt einhver úrlausn, er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 15 millj. kr. og endurlána það til byggingar dráttarbrauta.

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Geir Gunnarsson.